



Borgarráð

Reykjavík, 23. júní 2025

MSS25050075

***Tillögur að flutningi lýðræðisverkefna og frekari útfærslu verkefna mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu***

Lagt er til að borgarráð samþykki þrjár neðangreindar tillögur um útfærslu á flutningi lýðræðisverkefna og frekari útfærslu verkefna mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, í samræmi við samþykkt borgarstjórnar 21. febrúar 2025 um að leysa sitjandi íbúaráð frá störfum og í samræmi við samþykkt borgarstjórnar 1. apríl 2025 um nýjar samþykktir fyrir stafrænt ráð. Tillögurnar felast í því í fyrsta lagi að fjárheimildir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu vegna íbúaráða 74.098.114 m.kr. á ársgrundvelli verði færðar til hækkunar á ófyrirséðum kostnaði. Í öðru lagi að fjárheimildir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu vegna lýðræðismála, samtals 17,5 m.kr., verði færðar af ársgrundvelli til þjónustu- og nýsköpunarsviðs en um er að ræða flutning á fjármagni vegna stöðugildis sérfræðings í lýðræðismálum 13 m.kr. auk launatengds kostnaðar og fjármagns til innleiðingar lýðræðisstefnu 4,2 m.kr. Í þriðja lagi að fjárheimildir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu vegna auglýsingarkostnaðar hverfisins míns 20 m.kr. á ársgrundvelli verði færðar til þjónustu- og nýsköpunarsviðs til útfærslu á hverfið mitt verkefnum.

***Greinargerð:***

Vísað er til ítarlegrar greinargerðar mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar í meðfylgjandi minnisblaði.

Heiða Björg Hilmissdóttir  
borgarstjóri

**Hjálagt:**

Minnisblað mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar með tillögum að flutningi lýðræðisverkefna og frekari útfærslu verkefna mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 23. júní 2025.



**Reykjavík**



Reykjavík, 23. júní 2025  
MSS25050075

## Minnisblað

Viðtakandi: Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarstjóri  
Sendandi: Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri

---

### ***Efni: Tillögur að flutningi lýðræðisverkefna og frekari útfærslu verkefna mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu***

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirfarandi tillögur um flutning lýðræðisverkefna frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu til þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON). Breytingarnar koma til í kjölfar niðurlagningu íbúaráða og breytinga á samþykktum stafræns ráðs. Breytingin tekur gildi 1. september n.k.

Ennfremur verði mannréttindastjóra falið að rýna og skýra hlutverk skrifstofunnar betur til þess að skerpa á þeim verkefnum sem mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu sinnir og koma með frekari tillögur fyrir 1. ágúst n.k.

#### *Tillögur:*

1. Fjárheimildir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu vegna íbúaráða 74.098.114 m.kr. á ársgrundvelli verði færðar til hækkunar á ófyrirséðum kostnaði.
2. Fjárheimildir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu vegna lýðræðismála, samtals 17,5 m.kr., verði færðar af ársgrundvelli til PON. Um er að ræða flutning á fjármagni vegna stöðugildis sérfræðings í lýðræðismálum 13 m.kr. auk launatengds kostnaðar og fjármagns til innleiðingar lýðræðisstefnu 4,2 m.kr.
3. Fjárheimildir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu vegna auglýsingarkostnaðar hverfisins míns 20 m.kr. á ársgrundvelli verði færðar til hækkunar á ófyrirséðum kostnaði.

#### *Greinargerð:*

#### **Tillaga 1**

Á fundi borgarstjórnar þann 21. febrúar sl. var eftirfarandi tillaga um leysa sitjandi íbúaráð frá störfum samþykkt af meirihluta borgarstjórnar:

*Borgarstjórn samþykkir að fresta kosningum í öll íbúaráð til loka kjörtímabils og jafnframt leysa sitjandi íbúaráð frá störfum. Stýrihópi um innleiðingu aðgerðaáætlunar í lýðræðismálum verður falið að útfæra nýjar lýðræðislegar leiðir til að eiga í samskiptum við íbúa Reykjavíkur og í einstaka hverfum.*



**Reykjavík**



Lagt er til að þær fjárheimildir sem snéru að íbúaráðum verði færðar til hækkunar á ófyrirséðum kostnaði. Jafnframt yrði mögulegt að sækja fjármagn í ófyrirséð, ef farið verður í nýjar leiðir til lýðræðislegrar þátttöku, sem krefjast aukins fjármagns.

Starf starfsmanns íbúaráð verði lagt niður.

### **Tillaga 2.**

Á fundi borgarstjórnar þann 1. apríl sl. var samþykkt ný samþykkt fyrir stafrænt ráð af meirihluta borgarstjórnar. Undir verksvið stafræns ráðs kemur m.a. fram að ráðið skuli móta stefnu og aðgerðir í lýðræðismálum, taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess.

Lagt er til að sérfræðingur í lýðræðismálum færist til ÞON og jafnframt það fjármagn sem samþykkt er út árið 2026 vegna innleiðingar lýðræðisstefnu.

### **Tillaga 3.**

Lagt er til að auglýsingakostnaður vegna hverfisins mín verði færður til hækkunar á ófyrirséðum kostnaði. Ekki var farið í hugmyndasöfnun vegna verkefnisins haustið 2024 og ekki liggur fyrir hvenær sú hugmyndasöfnun fari fram. Hægt verði að leita til nýrrar skrifstofu miðlunar vegna markaðsmála þegar fyrir liggur hvenær farið verði í hugmyndasöfnun.

Anna Kristinsdóttir  
Mannréttindastjóri



**Reykjavík**